

26. Gjöld samkvæmt 19. gr.	fjárlaga ..	kr. 55 000 000.00	kr. 65 175 024.37	36
27. — — 19. — 2.	— ..	— 500 000.00	— 3 766 318.36	14. marz
28. Eignahreyfingar samkv. 20. gr.	fjárlaga —	26 807 125.00	— 89 200 701.06	
	Greiðslujöfnuður		— 7 648 298.15	
		Kr. 247 891 296.00	Kr. 353 320 234.65	

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla.

37

14. marz

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. gr. laganna orðist þannig:

Á Íslandi skulu vera þau prestaköll, sem nú skal greina:

- I. *Norður-Múlaprófastsdæmi.* 1. Skeggjastaðir: Skeggjastaðasókn. 2. Hof í Vopnafirði: Hof- og Vopnafjarðarsóknir. 3. Kirkjubær í Hróarstungu: Kirkjubæjar-, Hofteigs-, Eiríksstaða-, Möðrudals-, Sleðbrjót- og Hjaltastaðasóknir. 4. Valþjófsstaður: Valþjófsstaðar- og Áss-sóknir. 5. Desjarmýri: Desjarmýrar-, Njarðvikur- og Húsavíkursóknir.
- II. *Suður-Múlaprófastsdæmi.* 6. Seyðisfjörður: Seyðisfjarðar- og Klyppsstaðarsóknir. 7. Vallanes: Vallanes-, Þingmúla- og Eiðasóknir. 8. Norðfjörður: Nes- og Brekkusóknir. 9. Eskifjörður: Búðareyrar- og Eskifjarðarsóknir. 10. Kolfreyjustaður: Kolfreyjustaðar- og Búðasóknir. 11. Eydalir: Eydala- og Stöðvarsóknir. 12. Djúpvogur: Hof- og Djúpavogs-, Berufjarðar- og Berunessóknir.
- III. *Austur-Skaftafellsprófastsdæmi.* 13. Bjarnanes: Bjarnaness-, Stafafells- og Brunnhólssóknir. 14. Kálfafellsstaður: Kálfafellsstaðar- og Hofssóknir.
- IV. *Vestur-Skaftafellsprófastsdæmi.* 15. Kirkjubæjarklaustur: Prestsbakka- og Kálfafellssóknir. 16. Þykkvabæjarklaustur: Þykkvabæjar-, Langholts- og Grafarsóknir. 17. Mýrdalsþing: Víkur-, Reynis- og Skeiðflatarsóknir.
- V. *Rangárvallaprófastsdæmi.* 18. Holt undir Eyjafjöllum: Eyvindarhóla-, Ásólfsskála- og Stóradalssóknir. 19. Breiðabólstaður í Fljótshlíð: Breiðabólstaðar- og Hlíðarendasóknir. 20. Landeyjaþing: Kross- og Akureyjar-sóknir. 21. Oddi: Odda-, Stórólfshvols- og Keldnasóknir. 22. Landprestakall: Skarðs-, Haga- og Marteinstungusóknir. 23. Kálfholt: Kálfhólts-, Háþæjar- og Árbæjarsóknir. 24. Vestmannaeyjar: Ofanleitissókn.
- VI. *Arnesprófastsdæmi.* 25. Stórinúpur: Stóranúps-, Hrepphóla- og Ólafsvalla-sóknir. 26. Hruni: Hruna- og Tungufellssóknir. 27. Torfastaðir: Torfastaða-, Haukadals-, Bræðratungu-, Úthlíðar- og Skálholtssóknir. 28. Mosfell í Gríms-

37

14. marz

- nesi: Mosfells-, Miðdals-, Stóru-Borgar- og Búrfellssóknir. 29. Þingvellir: Þingvalla- og Úlflijótsvatnssóknir. 30. Hraungerði: Hraungerðis-, Laugar-
dæla- og Villingaholtssóknir. 31. Stokkseyri: Stokkseyrar-, Eyrarbakka- og
Gaulverjabæjarsóknir. 32. Arnarbæli: Kotstrandar-, Hjalla- og Strandar-
sóknir.
- VII. *Kjalarnesprófastsdæmi*. 33. Staður í Grindavík: Staðar- og Kirkjuvogssóknir. 34. Útskálar: Útskála-, Hvalsness-, Keflavíkur- og Innri-Njarðvíkur-
sóknir. 35. Hafnarfjörður: Hafnarfjarðar-, Bessastaða- og Kálfatjarnar-
sóknir. 36. Mosfell í Mosfellssveit: Lágafells-, Brautarholts- og Viðeyjar-
sóknir. 37. Reynivellir: Reynivalla- og Saurbæjarsóknir.
- VIII. *Reykjavíkurprófastsdæmi*: 38. Dómkirkjuprestakall: Dómkirkjusókn. 39. Hallgrímsprestakall: Hallgrímssókn. 40. Nesprestakall: Nessókn. 41. Laugar-
nesprestakall: Laugarnessókn.
- IX. *Borgarfjarðarprófastsdæmi*. 42. Saurbær á Hvalfjarðarströnd: Saurbæjar-
og Leirársóknir. 43. Akranes: Akraness- og Innrahólmssóknir. 44. Hestþing:
Hvanneyrar-, Bæjar-, Lundar- og Fitjasóknir. 45. Reykholt: Reykhólts-,
Stóra-Áss-, Gilshakka- og Síðumúlasóknir.
- X. *Mýrprófastsdæmi*. 46. Stafholt: Stafholts-, Hjarðarholts-, Hvamms- og
Norðtungusóknir. 47. Borg: Borgar-, Borgarness-, Álftaness-, Álftártungu-
og Akrasóknir.
- XI. *Snæfellsnesprófastsdæmi*. 48. Miklaholt: Miklahólts-, Rauðamels-, Kol-
beinsstaða- og Staðarhraunssóknir. 49. Staðastaður: Staðastaðar-, Búða- og
Hellnasóknir. 50. Nesþing: Ólafsvíkur-, Brimilsvalla- og Ingjaldshólssóknir.
51. Setberg: Setbergs- og Bjarnarhafnarsóknir. 52. Helgafellsþing: Stykkis-
hólms-, Helgafells-, Breiðabólstaðar- og Narfeyrarsóknir.
- XII. *Dalaprófastsdæmi*. 53. Suðurdalaping: Snóksdals-, Kvinnabrekku-, Stóra-
vatnshorns- og Hjarðarholtssóknir. 54. Hvammur í Hvammssveit: Hvamms-,
Staðarfells-, Dagverðarness-, Skarðs- og Staðarhólssóknir.
- XIII. *Barðastrandarprófastsdæmi*. 55. Staður á Reykjanesi: Reykhóla-, Garps-
dals-, Staðar- og Gufudalssóknir. 56. Flatey: Flateyjar- og Múlasóknir. 57.
Brjánslækur: Brjánslækjar- og Hagasóknir. 58. Sauðlauksdalur: Sauðlauks-
dals-, Breiðuvíkur- og Saurbæjarsóknir. 59. Patreksfjörður: Eyra- og Stóra-
Laugardalssóknir. 60. Bildudalur: Bildudals- og Selárdalssóknir.
- XIV. *Vestur-Ísafjarðarprófastsdæmi*. 61. Þingeyri: Þingeyrar-, Rafnseyrar-, Álfta-
mýrar- og Hraunssóknir. 62. Dýrafjarðarþing: Mýra-, Núps- og Sæbóls-
sóknir. 63. Holt í Önundarfirði: Holts-, Flateyrar- og Kirkjubólssóknir. 64.
Staður í Súgandafirði: Staðarsókn í Súgandafirði.
- XV. *Norður-Ísafjarðarprófastsdæmi*. 65. Ísafjörður: Ísafjarðar- og Hnífsdals-
sóknir. 66. Bolungavík: Hólssókn. 67. Ögurþing: Ögurs- og Fyrarsóknir.
68. Vatnsfjörður: Vatnsfjarðar-, Nauteyrar- og Unaðsdalssóknir. 69. Staður
í Grunnvík: Staðarsókn, Hesteyrarsókn og Staðarsókn í Aðalvík.
- XVI. *Strandaprófastsdæmi*. 70. Árnes: Árnessókn. 71. Staður í Steingrímsfirði:
Staðar-, Hólmavíkur-, Kaldrananess- og Kollafjarðarnessóknir. 72. Prests-
bakki: Prestsbakkasókn, Óspakseyrarsókn og Staðarsókn í Hrutafirði.
- XVII. *Húnavatnsprófastsdæmi*. 73. Melstaður: Melstaðar-, Kirkjuhvanums-, Stað-
arbakka- og Núpssóknir. 74. Tjörn á Vatnsnesi: Tjarnar- og Vesturhóps-
hólasóknir. 75. Breiðabólstaður í Vesturhópi: Breiðabólstaðar- og Viðidal-
tungusóknir. 76. Þingeyrarklaustur: Þingeyra-, Undirfells- og Blönduós-
sóknir (Blönduóshreppur). 77. Bergstaðir: Bergstaða-, Bólstaðarhlíðar-,
Auðkúlu- og Svinavatnssóknir. 78. Höskuldsstaðir: Höskuldsstaða-, Holta-
staða-, Hofs- og Spákonufellssóknir.

- XVIII. *Skagafjarðarprófastsdæmi*. 79. Hvammur í Laxárdal: Hvamms- og Ketu- 37
sóknir. 80. Reynistaðarklaustur: Reynistaðar- og Sauðárkrókssóknir. 81. 14. marz
Glaumbær: Glaumbæjar- og Víðimýrarsóknir. 82. Mælifell: Mælifells-,
Reykja-, Goðdala- og Ábæjarsóknir. 83. Miklibær: Miklabæjar-, Silfrastaða-
og Flugumýrarsóknir. 84. Hólar: Viðvíkur-, Hóla-, Hofstaða- og Rípursóknir.
85. Fell í Sléttuhlíð: Fells- og Hofssóknir. 86. Barð í Fljótum: Barðs- og
Knappastaðasóknir.
- XIX. *Eyjafjarðarprófastsdæmi*. 87. Grimsey: Miðgarðasókn. 88. Siglufjörður:
Siglufjarðarsókn. 89. Ólafsfjörður: Ólafsfjarðarsókn. 90. Vellir í Svarf-
aðardal: Valla-, Stærra-Árskógs-, Hríseyjar-, Tjarnar-, Urða- og Upsasóknir.
91. Möðruvallaklaustur: Möðruvalla-, Bægisár, Bakka- og Glæsibæjarsóknir.
92. Akureyri: Akureyrar- og Lögmannshlíðarsóknir. 93. Grundarþing:
Grundar-, Munkaþverár-, Kaupangs-, Saurbæjar-, Möðruvalla- og Hólasóknir.
- XX. *Suður-Þingeyjarprófastsdæmi*. 94. Laufás: Laufáss-, Svalbarðs-, Grenivíkur-
og Þönglabakkasóknir. 95. Háls í Fnjóskadal: Háls-, Illugastaða-, Drafla-
staða- og Brettingsstaðasóknir. 96. Vatnsendi: Þóroddsstaðar-, Ljósavatns-
og Lundarbrekkusóknir. 97. Skútustaðir: Skútustaða- og Reykjahlíðar-
sóknir. 98. Grenjaðarstaður: Grenjaðarstaðar-, Ness-, Einarsstaða- og Þver-
ársóknir. 99. Húsavík: Húsavíkursókn.
- XXI. *Norður-Þingeyjarprófastsdæmi*. 100. Skinnastaðir: Skinnastaða-, Garðs-,
Snartarstaða- og Víðihólssóknir. 101. Raufarhöfn: Svalbarðs- og Raufar-
hafnarsóknir. 102. Sauðanes: Sauðanessókn.

2. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin l. nr. 20 2. júní 1917, um niðurlagning
Njarðvíkurkirkju og sameining Keflavíkur- og Njarðvíkursókna, og l. nr. 36 27. júní
1925, um skiptingu Ísafjarðarprestakalls í tvö prestaköll, svo og l. nr. 27 26. okt.
1917, l. nr. 37 31. maí 1927, l. nr. 19 1. febr. 1936 og l. nr. 63 11. júní 1938, öll um
breyt. á l. nr. 45 16. nóv. 1907, um skipun prestakalla, og önnur lagaákvæði, er
kynnu að koma í bága við lög þessi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Þó koma ákvæði þeirra um fækkun prestakalla
ekki til framkvæmda fyrr en 1. janúar 1952; þá koma þau til framkvæmda jafnóð-
um og prestaköll losna. Prestaköll, sem leggja skal niður samkvæmt lögum þessum,
skulu ekki auglýst til umsóknar fyrir 1. janúar 1952.

Bráðabirgðaákvæði.

Heimilt er kirkjumálaráðuneytinu, ef það telur nauðsyn á, að fela öðrum
sóknarprestí en þeim, er veitingu hefur fyrir prestakalli, sem niðurlagt prestakall
sameinast samkv. lögum þessum, að þjóna fyrst um sinn einni eða fleiri sóknum
í hinu niðurlagða prestakalli.

Ríkisstjórnin skal nú þegar efna til endurskoðunar á löggjöfinni um skipun
prestakalla, og skal þá kostað kapps um að ljúka endurskoðuninni svo fljótt, að
frv. um heildarskipun prestakalla verði lagt fyrir Alþingi næsta haust. Við þá
endurskoðun skal hafa náð samband við biskupinn yfir Íslandi, kirkjuráð, Presta-
félag Íslands og prestastefnu.

Gjört að Bessastöðum, 14. marz 1951.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.